

Fimmtudaginn 12. mars 1998.

Nr. 462/1994.

Ákærvaldið

(Símon Sigvaldason saksóknari)
gegn

Ólafi Bragasyni

(Jón Magnússon hrl.)

Endurupptaka máls. Tolllagabrot. Tilraun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Guðrún Erlendsdóttir, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1994. Dómur var felldur á málið fyrir Hæstarétti 23. febrúar 1995. Samkvæmt beiðni ákærða ákvað rétturinn 14. maí 1997 að heimila endurupptöku málsins.

Af hálfu ákærvalds er þess aðallega krafist, að fyrri dómur í málinu verði staðfestur um sakfellingu ákærða fyrir fullframið brot gegn 2. mgr. 126. gr. tollalaga nr. 55/1987, en til vara, að hann verði dæmdur fyrir tilraun til brots gegn sama ákvæði, sbr. 125. gr. laganna.

Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins.

I.

Málið á rætur að rekja til þess, að árið 1991 flutti Sómaco hf. til landsins alls sex sendingar af frosnum forsteiktum kartöflum. Ákærði sat þá í stjórn félagsins og var framkvæmdastjóri þess. Félagið fékk fimm af þessum vörusendingum tollafgreiddar með framvísun aðflutningsskýrsla frá ákærða og greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt þeim, en gjöldin námu alls 2.906.715 krónum. Aðflutningsskýrsla var jafnframt lögð fram vegna sjöttu vörusendingarinnar, þar sem aðflutningsgjöld voru talin eiga að nema 556.279 krónum, en tollafgreiðsla hennar var stöðvuð og hún ekki afhent. Af heildarfjárhæð aðflutningsgjalda samkvæmt þessum sex skýrslum, 3.462.994 krónum, mun tollur hafa verið samtals 185.832 krónur, virðisaukaskattur 1.047.168 krónur og jöfnunargjald 2.229.994 krónur.

Samkvæmt gögnum málsins tóku tollyfirvöld skýrslu af ákærða

18. nóvember 1991 vegna athugunar á framangreindum innflutningi Sómaco hf. Í skýrslunni greindi ákærði frá því, að hann hefði snemma á því ári komist í samband við erlendan framleiðanda vegna fyrirhugaðs innflutnings á svokölluðum frönskum kartöflum. Hefði hann kynnt sér markaðsverð á slíkum vörum hér á landi og tjáð framleiðanda, hvert verð á þeim yrði að vera, til þess að innflutningur hans gæti orðið samkeppnisfær. Framleiðandinn hafi þá boðist til að skipta vöruheikningum þannig, að tveir myndu berast fyrir hverri vörusendingu og þeir samanlagðir nema söluverði hennar. Kvaðst ákærði hafa tekið þessu boði, enda hefði hann litið svo á, að tilhögun vöruheikninga væri að öllu leyti samningsatriði á milli sín og framleiðandans. Félagið hafi hverju sinni greitt báða reikningana, en aðeins annar þeirra hafi verið lagður fram við tollafgreiðslu vörusendinga.

Ákærði afhenti tollyfirvöldum bókhaldsgögn Sómaco hf. í tengslum við fyrrnefnda skýrslugjöf. Voru aðflutningsgjöld af umræddum vörusendingum reiknuð að nýju samkvæmt bókhaldsgögnunum og heildarfjárhæð gjaldanna talin eiga að nema 11.458.587 krónum. Þar af var tollur talinn hafa átt að vera samtals 614.897 krónur, virðisaukaskattur 3.464.938 krónur og jöfnunargjald 7.378.752 krónur. Ákærði kveður 611.948 krónur hafa greiðst eftir þennan endurreikning upp í þau gjöld, sem voru talin vanreiknuð samkvæmt þessu.

Ákæra var gefin út í málinu 13. september 1994. Var ákærða þar gefið að sök að hafa brotið gegn 2. mgr. 126. gr. tollalaga með því að hafa á framangreindan hátt svikið undan aðflutningsgjöld af umræddum vörusendingum, að fjárhæð 7.995.593 krónur. Með dómi Hæstaréttar 23. febrúar 1995 var ákærði dæmdur til að sæta fangelsi í tólf mánuði, en þar af var fullnustu ellefu mánaða fangelsisvistar frestað skilorðsbundið í tvö ár. Þá var ákærði dæmdur til að greiða sekt, að fjárhæð 100.000 krónur, og allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með dómi Hæstaréttar, sem gekk 19. desember 1996 í máli Þrotabús S. Óskarssonar & Co. hf. gegn íslenska ríkinu, var felldur úr gildi úrskurður ríkistollanefndar 28. janúar 1994 um endurákvörðun á aðflutningsgjöldum vegna innflutnings þess félags á frystum forsteiktum kartöflum á tímabilinu frá febrúar 1988 til sama mánaðar 1992. Var sú niðurstaða reist á því, að álagning sérstaks jöfnunar-

gjalds af þessum vöruflokki, eins og því var breytt með reglugerð nr. 109/1988, fengi ekki „samrýmst þeim takmörkunum, sem heimild ráðherra voru settar, og þeim kvöðum um málefnalegan grundvöll skattheimtu og stjórnsýslu, sem gæta varð“, svo sem sagði í dóminum. Í beiðni ákærða 2. apríl 1997 um endurupptöku málsins, sem Hæstiréttur féllst á samkvæmt áðursögðu, var meðal annars vísað til þess, að með umræddum dómi hefði verið dæmd ólögmat álagning sams konar jöfnunargjalds og hann hefði meðal annars verið sakfelldur fyrir að koma Sómaco hf. undan að greiða.

II.

Við úrlausn málsins verður lögð til grundvallar niðurstaða Hæstaréttar í fyrrnefndum dómi 19. desember 1996. Samkvæmt því skorti viðhlítandi lagastoð fyrir álagningu og innheimtu jöfnunargjalds á frystar forsteiktar kartöflur, sem Sómaco hf. flutti inn árið 1991 og um ræðir í málinu. Af hálfu ákærvalds hafa ekki verið færð sérstök rök fyrir því, að líta megi svo á að fenginni þessari niðurstöðu, að heimilt hafi verið að innheimta jöfnunargjald af þessari vörutegund í samræmi við reglur, sem giltu í þeim efnum fyrir setningu reglugerðar nr. 109/1988. Samkvæmt því verður að meta sakargiftir á hendur ákærða í ljósi þess, að heimild hafi skort á umræddu tímabili til að innheimta hjá félaginu jöfnunargjöld af nefndum vörum. Gildir þetta bæði um jöfnunargjöld, sem ákærði kom félaginu undan að greiða með fyrrnefndri háttsemi sinni, og þau, sem það greiddi með öðrum aðflutningsgjöldum samkvæmt aðflutningsskýrslum.

Samkvæmt 2. mgr. 126. gr. tollalaga, svo sem ákvæðið hljóðaði, þegar atvik málsins gerðust, varðaði það refsingu að láta tollstarfsmanni í té rangar upplýsingar í því skyni að svíkja undan eða fá ívilnun á tolli eða gjöldum. Eftir því sem að framan segir, gat röng upplýsingagjöf ákærða í aðflutningsskýrslum Sómaco hf. engu breytt, að því er varðar jöfnunargjald, um fjárhæð þeirra aðflutningsgjalda, sem lögmat var í raun að krefja félagið um vegna innflutnings þess á frystum forsteiktum kartöflum. Af sömu ástæðum verður háttsemi ákærða ekki heldur metin sem tilraun til brots, sbr. 1. mgr. 125. gr. tollalaga. Verður í því sambandi að líta til þess, að þótt ákærði hafi ásett sér að koma félaginu með rangri skýrslugjöf meðal annars undan greiðslu á hluta jöfnunargjalds, sem hann mið-

aði sjálfur við, að leggja ætti á félagið með öðrum aðflutningsgjöldum, bjó hann að þessu leyti við ranga hugmynd um refsinaemi háttsemi sinnar. Verður ákærði því ekki sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 126. gr. tollalaga eða fyrir tilraun til slíks brots, sbr. 1. mgr. 125. gr. laganna, vegna rangra upplýsinga, sem hann veitti í aðflutningskýrslum, að því leyti sem þær höfðu áhrif á álagningu jöfnunargjalds við innflutning á umræddum vörum.

III.

Ákærði heldur því fram, að aðflutningsgjöld, sem Sómaco hf. greiddi vegna innflutnings á frystum forsteiktum kartöflum árið 1991, hafi þrátt fyrir ranga upplýsingagjöf hans numið meiru en félaginu bar með réttu að greiða, þegar tekið er tillit til þess, að lagastoð skorti fyrir álagningu og innheimtu jöfnunargjalds. Þessari staðhæfingu ákærða hefur ekki verið mótmælt sérstaklega af hálfu ákæruvalds.

Ákvæðum 1. mgr. og 2. mgr. 126. gr. tollalaga var breytt með 38. gr. laga nr. 69/1996 eftir uppkvaðningu héraðsdóms í málinu. Ekki verður fallist á þann skilning ákærða, að sú lagabreyting feli í sér, að nú verði refsing því aðeins gerð fyrir að veita tollyfirvöldum rangar upplýsingar, að þær hafi orðið til þess, að greidd hafi verið of lág aðflutningsgjöld. Er þá haft í huga, að brot gegn hinum breyttu ákvæðum er sem fyrr fullframið með því að leggja fram röng tollskjöl, óháð því, hvernig fari um álagningu og greiðslu gjalda samkvæmt þeim, sbr. dóm Hæstaréttar 27. nóvember 1997 í máli nr. 326/1997. Umræddar breytingar á 1. mgr. og 2. mgr. 126. gr. tollalaga eru því ekki þess efnis, að leitt geti til sýknu ákærða með vísan til 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Rangar upplýsingar ákærða í tollskýrslum fyrir Sómaco hf., sem um ræðir í málinu, urðu ekki aðeins til þess, að yfirvöld lögðu lægra jöfnunargjald á félagið en orðið hefði með réttum upplýsingum um innkaupsverð vörusendinga til þess, heldur varð tollur og virðisaukaskattur vegna innflutningsins jafnframt af þessari ástæðu minni en rétt var um samtals 2.846.835 krónur. Með þessari háttsemi sveik ákærði af ásetningi þá fjárhæð undan aðflutningsgjöldum og braut þannig gegn 2. mgr. 126. gr. tollalaga, sbr. nú 1. mgr. og 2. mgr. sömu

greinar, svo sem henni var breytt með áðurnefndri 38. gr. laga nr. 69/1996, en þau ákvæði eiga nú við samkvæmt 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Brot ákærða voru drýgd við innflutning á alls sex vörusendingum. Þegar þess er gætt og fjárhæðarinnar, sem ákærði sveik undan í aðflutningsgjöldum með háttsemi sinni, er óhjákvæmilegt að telja brot hans stórfelld. Við ákvörðun refsingar ákærða verður hins vegar að líta til þess, að hann hafði ekki áður sætt refsingu, þegar hann gerðist sekur um þá háttsemi, sem um ræðir í málinu. Öðru fremur skiptir þó máli í þessu sambandi sá gífurlegi dráttur, sem varð á saksókn á hendur ákærða, auk ástæðulausra tafa, sem urðu á rekstri málsins, eftir að endurupptaka þess var ráðin. Að teknu tilliti til þessara atriða þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 100.000 króna sekt í ríkissjóð. Samkvæmt bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins 26. maí 1997 hafa verið innheimtar samtals 200.000 krónur upp í sekt og sakarkostnað samkvæmt fyrri dómi í málinu. Telst því sektin, sem nú er ákveðin, þegar greidd í ríkissjóð.

Í fyrri dómi í málinu var ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð á báðum dómstigum, samtals 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, alls 95.000 krónur. Ekki eru efni til að hreyfa við þeim fjárhæðum, sem áður hafa verið ákveðnar vegna sakarkostnaðar, en eftir þeim úrslitum, sem nú eru fengin í málinu, er rétt að leggja helming hans á ákærða, en helming á ríkissjóð. Með vísan til þess, sem fram kemur í fyrrnefndu bréfi fangelsismálastofnunar, hefur ákærði þegar greitt 100.000 krónur af sínum hluta í þessum sakarkostnaði. Samkvæmt 2. mgr. 191. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála greiðist allur kostnaður af endurupptöku málsins úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Bragason, greiði 100.000 króna sekt í ríkissjóð. Telst ákærði þegar hafa tekið út þá refsingu.

Sakarkostnaður vegna fyrri meðferðar málsins í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða,

alls 95.000 krónur, greiðist að hálfu af ákærða, en að öðru leyti úr ríkissjóði. Telst ákærði þegar hafa greitt 100.000 krónur upp í sinn hlut í sakarkostnaði.

Allur kostnaður af endurupptöku málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmans, 150.000 krónur.
